

# 1. bekkur

## Ferilmöppur

Ætlunin er að að safna árlega í möppu verkefnum eða myndum af verkefnum sem nemendur vinna á hverjum skólavetri og velja að einhverju leyti sjálfir. Þessi sýnishorn í ferilmöppunni lýsa þannig framförum og námi nemandans. Ferilmöppur eru uppeldisfræðilegt hjálpartæki sem hafa að markmiði að virkja nemendur í eigin námi svo þeir öðlist aukið sjálfstæði með því að setja sér markmið og meta frammistöðu sína. (Ellmin 1999)

## Heimanám / skólanám

**Foreldrar barna í grunnskóla bera ábyrgð á námi og ástundun barna sinna.** Í upphafi skólagöngu eiga foreldrar stóran þátt í lestrarnámi þeirra og því að aðstoða þau við að temja sér rétt vinnubrögð. Margt er hægt að gera heima fyrir til að undirbúa börnin sem best fyrir komandi námsár. Góð samvinna milli heimilis og skóla er líka lykilatriði og stuðlar að farsæld barninu til heilla.

Þegar barn er að hefja lestrarnám er mikilvægt að gefa sér góðan tíma til að lesa og skoða bækur með barninu, velja hljóðum og stöfum fyrir sér og leika sér með tungumálið m.a. með því að æfa sig að draga rétt til stafs ásamt söng, þulum og rími. Foreldrar og kennarar eru líka mikilvæg fyrirmynd þegar kemur að lestri.

Mikilvægt er hverju foreldri að fylgjast með barninu sínu sem námsmanni og er heimanám kjörinn vettvangur til þess. Einnig er mikilvægt að kennari og foreldri finni sterku hliðar barnsins og hjálpi því að rækta þær og styrkja enn betur veikari hliðar þess hvort sem þær snúa að bókviti eða verkviti.

Heimanám í vetur tengist Byrjendalæsisvinnu, en getur verið með ýmsu móti og verða markmið mismunandi námsgreina í huga. Haft verður í huga að skapa stund þar sem nemendur og foreldrar geta skoðað eða spjallað saman eða nemendur geta fest betur í sessi eitthvað sem þeir hafa lært í skólanum. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir miklu heimanámi, en auk þeirra verkefna er **heimalestur mjög mikilvægur**, að lágmarki 10-15 mínútur daglega, einkum upphátt, hvort sem aðeins er um að ræða að þekkja og finna ákveðna stafi eða stauta sig í gegnum orð eftir því sem barnið hefur tök á. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að nýta öll möguleg tækifæri heima til að lesa, skrifa og spjalla saman til að auka orðaforða, eftirtekt, færni og skilning.

## Vinnusvæði

Á stundatöflu vetrarins bera margir tímar hjá umsjónarkennara heitið *Vinnusvæði*. Í þessum tímum er samþætt kennsla í mörgum greinum, þó að mikil áhersla sé lögð á stærðfræði og íslensku. Í vinnusvæðatímum er 1.bekkur stundum sér, stundum með 2. eða 3.bekk og stundum í blönduðum hópum með nemendum úr 1.-4.bekkjum.

## Útinám

Í stundatöflunni er gert ráð fyrir föstum tímum í útinámi þar sem nemendur kynna sér umhverfið sitt, mismunandi veðráttu og leiki og efla samskipti sín við bekkjarfélaga sína. Einnig verða verkefni í ýmsum greinum sem verða unnin úti eða í tengslum við nærsamfélag og umhverfi nemenda. Því er nauðsynlegt að nemendur séu tilbúnir alla daga til útiveru og klæddir eftir veðri. Nemendur í 1. og 3.bekkjum verða saman í útinámstímum með 2 kennurum, en munu stundum einnig vinna með 2. eða 4.bekk í útinámi.

## Dans

### Markmið:

- Að veita nemendum tækifæri til að hreyfa sig í takti við tónlist og önnur hljóð.
- Að átta sig á og kanna mismunandi rými fyrir dansspuna.
- Að efla félagsþroska nemenda í gegnum dans.
- Að nemendur læri grunnspor ýmissa dansa, s.s. spuna, hóp dansa, samkvæmis dansa, íslenska og erlenda þjóð dansa, kúrekadansa, hip hop o.fl.

**Kennslufyrirkomulag:** Í vetur verður 1. bekkur í dansi eina kennslustund í viku með 2. bekk. Lögð verður áhersla á líkamstjáningu, ýmsar hreyfingar, fjölbreytta dansa og að nemendur læri grunnkurteisreglur í dansi einstaklingslega, í hópum og þar sem „þar“ dansar saman.

**Námsefni:** Alls kyns tónlist, myndbönd, boltar og hlutir fyrir leiki í dansi o.þ.h.

**Námsmat:** Þátttaka nemenda í kennslustundum verður metin ásamt kurteisi við dansfélaga.

**Kennari:** Michelle Mielnik

## Enska

**Markmið:** Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi enskunáms og þjálfist í að nota einfaldar hversdagslegar setningar og syngja á ensku.

**Kennslufyrirkomulag:** Enskukennsla verður samþætt textum / bókum með margvíslegum aðferðum í anda byrjendalæsis. Kennslan fer fram með leikjum, söngvum, spilum en einnig með munnlegum og skriflegum æfingum. 1. bekkur fær einn ensku tíma í viku.

**Námsefni:** Valin verkefni og söngvar af netinu og frá kennara og valdir textar eða sögur á ensku. Ýmsir leikir.

**Námsmat:** Þátttaka metin til umsagnar. Nemendur meta stundum sjálfan sig.

**Kennari:** Michelle Mielnik

## Félagsstarf

**Markmið:** Að efla félagsþroska nemenda.

**Kennslufyrirkomulag:** Félagstarfið er í Fellaskóla fyrir nemendur í 1. – 4. bekkjum á miðvikudögum kl. 14.50-15.30 og fimmtudögum kl. 14.10-14.50. Viðfangsefni eru fyrst og fremst leikir af ýmsu tagi, bæði úti og inni. Það er ekki skyldumæting í félagstarf, en foreldrar þurfa að skrá barn sitt í félagstarf og láta vita ef barnið á ekki að mæta af einhverjum ástæðum.

**Umsjón:** Sigurrós og Kristín Hrönn á miðvikudögum og Ingibjörg Ásta og Kristín Hrönn á fimmtudögum.

## Heimilisfræði

**Markmið:** Að nemandi

- læri að þvo sér um hendur og geri það áður unnið er í eldhúsi eða sest er til borðs.
- læri um hættur í eldhúsi eins og eggjárn og örverur.

- kynnist einföldum eldhúsáhöldum s.s. sleif, sleikju, skál, diskapurru, borðklút, dl-mál, tsk. og msk.
- læri að lesa myndrænar uppskriftir og vinna eftir þeim með aðstoð kennara.
- taki þátt í uppþvotti og frágangi í eldhúsi.
- læri nöfn ólíkra fæðutegunda og bragði á matvælum sem notuð eru og útbúin.
- kynnist því að til eru hollar og óhollar tegundir og að sumar fæðutegundir skemma tennur.
- læri um hvernig bæta má umhverfi (sápa, vatn, einnota umbúðir, pappír).

**Kennslufyrirkomulag:** 1. bekkur er í tvöföldum tíma aðra hverja viku

**Námsgögn:** Gott og gaman, uppskriftir úr Heimilisfræði fyrir byrjendur

**Kennsluaðferðir:** Verklegar æfingar, sýnikennsla, umræður og sýningar.

**Námsmat:** Umsagnir þar sem metin er vinna í tímum, verkefni, bókleg eða munnleg, frágangur og hegðun.

**Kennari:** Ingiborg Jóhanna Kjerúlf

## Íslenska

**Markmið:**

- Að læra að þekkja stafina, form þeirra og hljóð.
- Að þjálfast í hljóðgreiningu og lestri þar sem áhersla er lögð á lesskilning og lestrarhraða.
- Að ná grunnfærni í að lesa upphátt og í hljóði.
- Að ná leikni í að halda á skriffærum, læra að draga rétt til stafs og öðlast grunnritfærni.
- Að fá áhuga á að lesa sér til ánægju og temja sér sjálfsaga við nám.
- Að þjálfast í að tengja lestur, ritun og talað mál.
- Að kynnast, sögum, söngvum og ljóðum eftir innlenda og erlenda höfunda.

**Kennslufyrirkomulag:** Kennsla byggist á þeim fjölbreyttu aðferðum sem kenndar eru við Byrjendalæsi (BL). Unnið verður með ýmsa texta (sögur, texta og ljóð) á margvíslegan hátt. Hlustum á sögur, lesum saman eða hvert fyrir annað, vinnum með lykilorð í texta, spilum spil, skrifum sögur og segjum frá. Ýmist unnið í samvinnu við aðra eða einstaklingslega. Einnig verður lestrarstund 1x í viku með lestrarfélaga úr öðrum bekkjum. Sú stund verður þannig að 2 nemendur setjast saman og skoða/lesa hvor fyrir annan og æfa sig í að hlusta og spyrja síðan spurninga.

**Námsefni:** Bækur með gæðatexta og verkefni frá kennara út frá þeim. Aðrar bækur: Frjálslestrarbækur, Markviss málörvun; æfingar og leikir, Lestrarlandið, Líttlestrarbækur, Leið til læsis, Verkefna og úrklippubók, ýmsar ljóðabækur og spil. Ýmsar lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

**Námsmat:** Lesskilningspróf og skimunarprófið Leið til læsis og Læsi verða lögð fyrir. Símat kennara og sjálfsmat nemenda.

**Kennari:** Michelle Mielnik

## Íþróttir

### Markmið:

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma
- Að þjálfar samhæfingu nemenda
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhaldna.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.
- **Kennslufyrirkomulag:** Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska.
- Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinir sem þekktar eru á Íslandi.
- Við námsmatið verður tekið tillit til:
- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

Fjöldi kennslustunda á viku: 2

**Kennari:** Kristján Freyr Óðinsson

## Lestrarpróf

### Markmið: Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi, nákvæmni og síðar framsögn/upplestri.
- fái tækifæri til að setja sér markmið í lestri í samráði við kennara.

**Fyrirkomulag:** Nemendur fara í sérstök lestrarpróf 2-3 sinnum á ári. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum og atkvæðum á mínútu. Fyrir nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn. Eftir að nemandi hefur náð 250-280 atkvæðum á mín. í leshraða (200-250 hjá nemendum með lestrarörðugleika) einbeitir hann sér frekar að framsögn/upplestur. Þá er áhersla lögð á skýrleika, hæfilegan hraða, leiklestur og svo innlifun og hrynjanda í ljóðalestri. Síðar bætast við augnsamband og líkamsstaða. Rætt er við nemandann um áframhaldandi æfingar og nýtt markmið sett.

**Námsefni:** Textar á lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun (Lesfimiþróf Lesferils), ýmis ljóð og bækur valdar af kennara til upplestrar. Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 1.bekkjar eru 10-60 atkvæði á mínútu.

**Námsmat:** Allar niðurstöður verða birtar foreldrum jafnóðum og hver bekkur hefur verið prófaður.

**Kennari:** Michelle Mielnik

## Lífsleikni

### Markmið:

- Að ræða og skilja betur hvað í því felst að að ganga í skóla, t.d. hvað eru bekkjarreglur og skólareglur og hver er tilgangur þeirra.
- Að læra um og efla félagsfærni sína og skilja eigin hegðun og annarra.

**Kennslufyrirkomulag:** Kennslan fer fram að mestu í útinámi, en felst einnig í umræðum.

**Námsefni:** Verkefni frá Námsgagnastofnun, bókin um Tíslu, Aðgát í umferðinni, Samvera, Ýma tröllastelpa og valin verkefni.

**Námsmat:** Atriði sem tengjast lífsleikni koma að mestu leyti fram í almennri umsögn um samskipti, hegðun, viðhorf og þátttöku í ýmis konar vinnu.

**Kennari:** Michelle Mielnik

## Myndmennt

### Markmið:

- Að skoða myndir, tala um myndir og gera myndir út frá umhverfi, upplifun og ímyndunarafli.
- Að þekkja aðferðir.
- Að vinna myndir með mismunandi tækni s.s. leira, mála, klippa og teikna.
- Að þekkja frumlitina, gera einfaldar litablöndur, þekkja grunnform og náttúruleg form.
- Að læra um mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efniviði og áhöldum.

**Námsgögn:** Verkefni frá kennara, markviss myndörvun, Myndmennt 1, veraldarvefurinn og efniviður til myndsköpunar.

**Kennsluaðferðir:** Sköpun, sýningar, hópverkefni, tjáning, námsleikir. Myndmennt verður samþætt fleiri námsgreinum, s.s. Byrjendalæsi, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði.

**Námsmat:** Þátttaka, hegðun og frammistaða í tímum.

**Kennari:** Hjördís Marta Óskarsdóttir

## Náttúrufræði

### Markmið:

- Að nemendur verði læsir á umhverfi sitt, kannist við t.a.m. ýmis veðurfyrirbrigði, stað- og farfugla, tré og plöntur.
- Að nemendur læri að spyrja spurninga og geri tilraunir til að fræðast betur um viðfangsefnið.
- Að nemendur læri um mannslíkamann.
- Að nemendur kynnist undrum himingeimsins.

**Kennslufyrirkomulag:** Samkenntsla með 2. bekk. Unnið verður út frá texta Komdu og skoðuðu bókanna með ýmsum hætti. Gerðar verða litlar tilraunir í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni og rætt um þær. Farið verður út þar sem náttúran umhverfis skólann er skoðuð.

**Námsefni:** Komdu og skoðuðu; Líkamann og Himinngheiminn. Fuglavefurinn og valin verkefni.

**Námsmat:** Þátttaka og verkefnavinna metin til umsagnar.

**Kennari:** Harpa Rós Björgvinsdóttir

## Samfélagsfræði

### Markmið:

- Að nemendur kynnist skólaumhverfinu bæði úti sem inni
- Að nemendur geri sér grein fyrir að fjölskyldur eru ólíkar og ekkert eitt sem er viðmið í þeim efnum.
- Að nemandi geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileikinn sé eðlilegur.
- Að auka vitund og þekkingu nemenda á og nánasta umhverfi s.s. örnefni og kennileiti á Fljótshéraði.
- Nemendur skoði landakort af Íslandi og nær umhverfinu.
- Að nemendur kynnist bænum sínum og skoði hann út frá samfélagi, formi, lífríki og sögu.
- Að nemendur kynnist þjóðsögum, sögustöðum og sögupersónum úr nágrenninu.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur læra með því að skoða, spyrja, ræða og tjá sig um málefnið. Farið er í leiki, sögur lesnar, unnið að ýmiskonar rannsóknnum og athugunum, byggt, teiknað, litað, límt og klippt.

**Námsefni:** Komdu og skoðuðu umhverfið, komdu og skoðuðu landakort efni og verkefni frá kennara, þjóðsögur.

**Námsmat:** Lagt verður mat á vinnu og virkni nemenda.

**Kennari:** Þórhalla Sigmundsdóttir

## Stærðfræði

### Markmið:

- Að þjálfast í grunnatriðum stærðfræðinnar sem þeir geta byggt ofan á síðar.
- Að skilja hugtök eins og fleiri, færri, lengd, hæð, þykkt, þyngd, magn, fjöldi, flokkun, mengi og pörun.
- Að geta flokkað hluti eftir mismunandi eiginleikum.
- Að efla talnaskilning og geta unnið með tölur frá 0-100 og skilja > og < minna en og stærra en og = jafnt og.

- Að skilja hugtök eins og samlagning og frádrátt og læra önnur hugtök sem benda til þess að nota þær aðgerðir.
- Að geta lagt saman og byrja að kynna sér frádrátt.

**Kennslufyrirkomulag:** Námsfni verður kennt stundum sér en oft í tengslum við texta í byrjendalæsi. Nemendur vinna í bókum, spila spil, nota kubba, talnagrindur, talnalínu, smáhluti, spil, teninga, kennslupeninga o.fl. við rannsóknir og þrautalausnir. Mikil áhersla er lögð á hlutbundna vinnu.

**Námsefni:** Verkefni og leikir frá kennara, Sproti 1a og Sproti 1b og æfingahefti, Numikon auk ýmissa kennslugagna s.s. ýmskonar kubbar, numicon, klukka, kennslupeningar, spil, rökkubbar, mælitæki og fleira tiltækt.

**Námsmat:** Símat kennara og sjálfsmat nemenda

**Kennari:** Michelle Mielnik

## Sund

**Markmið:** Að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Einnig lagður grunnur að því að nemendur nái tökum á öndun, floti á bringu og bringusundsfótatökum við bakka. Einnig skriðsundsfótatökum við bakka ásamt því að ganga með andlit í kafi.

**Kennslufyrirkomulag:** Lögð áhersla á leiki og æfingar sem stuðla að aðlögun að vatni og sundfærni.

**Námsmat:** Áhugi, virkni, hegðun og 1. Sundstig.

**Kennari:** Kristján Freyr Óðinsson

## Textílmennt

**Markmið:** Að þjálfar nemendur í fínhyfingum. Að nemendur læri að þekkja mismunandi aðferðir og efni og vinni tengd verkefni. Að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika nemenda. Að efla samstarfsvilja og sjálfstraust nemenda.

**Kennslufyrirkomulag:** Áhersla verður lögð á einstaklingsvinnu sem og samvinnu nemenda.

Nemendur læra mismunandi aðferðir í textílmennt t.a.m. útsaum, vefnað, ullarþæfingu, tauþrykk o.fl.

**Námsefni:** Ýmis verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Samskipti við kennara og samnemendur, verklag og viðleitni, frágangur og skil á verkefnum.

**Kennari:** Þórey Birna Jónsdóttir

## Tónmennt

**Markmið:** Að nemandi læri að þekkja algengustu tónlistartákn og öðlist færni í að nota líkama og rödd við tónlistarflutning. Í 4. bekk eru helstu klassísku tónskáldin kynnt fyrir nemendum og nemendur læra um hvernig tónlist þeirra hefur þróast fram á okkar tíma. Í 6. bekk er byrjað með námsefni sem heitir Hljóðspor sem fjallar um hvernig tónlistarsköpum á tímum þrælahalds hefur þróast fram á okkar daga, og er unnið með þetta námsefni í 7. bekk líka ásamt fleiru sem kennari og nemendur vinna að saman í tímum. Að nemandi þekki hin ýmsu hljóðfæri og tónlistarstefnur ýmissa landa.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur í 1 – 6. bekk eru í Tónmennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Nemendur vinna oft saman í hópum og gera margvísleg verkefni tengd tónlist t.d. hlustun, verkefnavinna, tónsköpun með hljóðfærum, söngur og dans.

**Námsefni:** Í 1 – 6. bekk eru lagðar til grundvallar námsbækurnar, tónmennt 1 – 4, Leikum og syngjum, Það var lagið, Tónlistarprautil, Ópus 1, Hljóðspor, Tónlist og líkaminn, Tónlist og umhverfi og efni af nams.is og verkefni sem kennari útbýr.

**Námsmat:** Nemendur í 1 – 6. bekk taka ekki próf heldur er gefin umsögn sem er byggð á vinnu og hegðun í tímum.

**Kennari:** Drífa Sig.

## Upplýsinga- og tæknimennt (Tölvur)

**Markmið:**

- Að kunna að ræsa og ganga frá tölvu og nota lykilorð og leyniorð við aðgang.
- Að þekkja helstu jaðartæki svo sem mús, lyklaborð o.fl.
- Að öðlast færni í notkun ýmissa námsforrita en einnig að geta unnið verkefni í tengslum við annað námsefni.
- Að geta notað borðtölvur/fartölvur og forrit í spjaldtölvu.
- Að kynnast Veraldarvefnum og möguleikum hans til fróðleiks og skemmtunar.

**Helstu hugtök :** Tölva, skjár, mús, hægri smella, vinstri smella, skruna/skrolla, kennsluforrit, leikjaforrit, vafri, skjal, leturstærð, vista, mappa, aðgangsorð, skrá út.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur í 1. og 3. bekkjum eru saman í sérstökum tölvutíma 1x í viku, en til viðbótar verða ýmsar æfingar og forrit í stöðvavinnu og gripið í tölvuna til að leita fróðleiks um ýmsa hluti sem unnið er með hverju sinni.

**Námsefni:** Kennsluforrit, leikir og teikniforrit. Sem dæmi má nefna lestrarforritið Glóa geimveru, Fingrafimi, Paint o.fl.

**Námsmat:** Þátttaka í tímum og verkefnavinna

**Kennari:** Michelle Mielnik